

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð



Aðalfundur HÍN nr. 129

Haldinn mánudaginn 26. febrúar 2018 kl. 18:30 í Öskju

Fundarstjóri: Guðmundur Guðmundsson Ritari: Margrét Hugadóttir

	Dagskrárliðir:	Ab.														
1.	Formaður setur fundinn og stingur upp á að Guðmundur Guðmundsson flokkunarfræðingur á NÍ verði fundarstjóri og að Margrét Hugadóttir verði fundarritari. Það er samþykkt.															
2.	<p>Skýrsla formanns um störf stjórnar, Árni Hjartarson formaður HÍN</p> <p>Stjórn sem var kosin 2017 skipti með sér verkum svo; Árni Hjartarson formaður, Bryndís Marteinsdóttir fræðslustjóri, Ester Rut Unnsteinsdóttir gjaldkeri, Hafdís Hanna Ægisdóttir varaformaður og fulltrúi í ritnefnd Náttúrufræðingsins, Hilmar Malmquist meðstjórnandi, Jóhann Þórsson félagsvörður og Margrét Hugadóttir ritari.</p> <p>Stjórnin fundar fyrsta mánudag í mánuði og hefur stjórnin fundað 10 sinnum á árinu, oftast nær í Loftskeytastöðinni á Brynjólfsgötu 5.</p> <p>Félagar eru nú í árslok, 1165. Nýir félagar voru 27, 42 hættu, þar af létust 14 félagar. Margrét Guðnadóttir heiðursfélagi HÍN féll frá á árinu. Fastir liðir í starfsemi félagsins eru fræðsluerindin og voru þau sex talsins. Eitt erindi féll niður í september.</p> <p>Erindi ársins voru:</p> <table><tbody><tr><td>Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum</td><td>Guðrún Larsen</td></tr><tr><td>Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi</td><td>Bryndís Marteinsdóttir</td></tr><tr><td>Fjölpjódarannsóknir á uppsjávarvistkerfi norðaustur Atlandshaf: tæki, tól og tilgangur</td><td>Anna Heiða Ólafsdóttir</td></tr><tr><td>Erindi féll niður</td><td></td></tr><tr><td>Lífið í hrauninu – lífríki í vatnsfylltum hraunhellum í Mývatnssveit</td><td>Bjarni K. Kristjánsson og Camille Leblanc</td></tr><tr><td>Milli borgarsvæða Írlands og heimskautasvæða Norður Kanada: Rannsóknir á lífi margæsar</td><td>Freydís Vigfúsdóttir</td></tr><tr><td>Hlýnun Þingvallavatns</td><td>Hilmar Malmquist</td></tr></tbody></table>	Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum	Guðrún Larsen	Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi	Bryndís Marteinsdóttir	Fjölpjódarannsóknir á uppsjávarvistkerfi norðaustur Atlandshaf: tæki, tól og tilgangur	Anna Heiða Ólafsdóttir	Erindi féll niður		Lífið í hrauninu – lífríki í vatnsfylltum hraunhellum í Mývatnssveit	Bjarni K. Kristjánsson og Camille Leblanc	Milli borgarsvæða Írlands og heimskautasvæða Norður Kanada: Rannsóknir á lífi margæsar	Freydís Vigfúsdóttir	Hlýnun Þingvallavatns	Hilmar Malmquist	
Af framferði jökulhlaupa í Kötlugosum	Guðrún Larsen															
Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi	Bryndís Marteinsdóttir															
Fjölpjódarannsóknir á uppsjávarvistkerfi norðaustur Atlandshaf: tæki, tól og tilgangur	Anna Heiða Ólafsdóttir															
Erindi féll niður																
Lífið í hrauninu – lífríki í vatnsfylltum hraunhellum í Mývatnssveit	Bjarni K. Kristjánsson og Camille Leblanc															
Milli borgarsvæða Írlands og heimskautasvæða Norður Kanada: Rannsóknir á lífi margæsar	Freydís Vigfúsdóttir															
Hlýnun Þingvallavatns	Hilmar Malmquist															
	Um 250 manns mættu samtals á erindi ársins. Leggja mætti áherslu á að bæta aðsókn.															

	<p>Náttúrufræðingurinn kom út að venju, tvö tvöföld hefti. Ein grein var keypt út úr Náttúrufræðingnum, þ.e. losuð undan þriggja ára birtingartöf á netinu, og birt á heimasíðu Tilraunastöðvarinnar í Keldum og hugsanlega víðar..</p> <p>Félagið á fulltrúa í starfshópi hjá UAR, á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og ferðamála. Nokkrir fundir hafa verið haldnir í samstarfshópnum á árinu.</p> <p>Félagið hefur barist fyrir byggingu Náttúruminjasafns, frá upphafi. Í þingsályktunartillögu 70/155, var kveðið á um að NMSÍ fengi aðstöðu og í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands yrði reist Náttúruminjasafn. Fjárlög sem í kjölfarið fylgdu gerðu ekki ráð fyrir að þessi fyrirheit yrðu uppfyllt.</p> <p>Félagið stóð fyrir undirskriftasöfnun frjálsra félagsamtaka (sjá lista) og afhentu mennta- og menningarmálaráðherra Kristjáni Júlíussyni áskorun um að standa við þingsályktunina. Sautján félag með þúsundir félagsmanna skrifuðu undir áskorunina:</p> <p>Eftir stjórnarslit og myndun nýrrar ríkistjórnar í árslok 2017 voru málefni Náttúruminjasafns Íslands komin inn í stjórnarsáttmála.</p> <p>Í fjárlögum voru settar 290 milljónir í uppsetningu sýningar og aukið fjármagn tryggt til þess. Verið er að setja upp sýningu í Perlunni en til framtíðar þarf að byggja yfir höfuðsafnið og er tillaga HÍN sem fyrr að safnhúsverði byggt á G reit á háskólasvæðinu.</p> <p>Fundað var með rektor HÍ, konrektor, NMSÍ og HÍN um samstarf í nýju húsnæði á G-reitnum. Háskólinn taldi sig eiga ráðstöfunarrétt á lóðinni, en skv. skipulagi og ályktun frá 1989 hefur lóðin verið eyrnamerkt NMSÍ.</p> <p>Í ár var tímamótaár, enda staðfest að komið verði á Náttúruminjasafni Íslands. HÍN hefur vissulega þrýst á það. (Ársskýrslan í heild mun birtast í næsta Náttúrufræðingi)</p>	
<p>3.</p>	<p>Skýrsla gjaldkera, Ester Rut Unnsteinsdóttir gjaldkeri.</p> <p>Reikningar voru yfirfarnir og staðfestir af skoðunarmönnum reikninga.</p> <p>Rekstrartekjur voru 6.108.900,- en rekstrargjöld 6.176,687,-. tap án fjármagnsliða var því upp á 67.787,-. fjármunatekjur voru upp á 154.119,- og því nam hagnaður ársins 86.332,- ljóst er að tekjur standa rétt svo undir kostnaði, sem er aðallega vegna útgáfu Náttúrufræðingsins. .</p> <p>Birgðastöðu getið, og hefur hún verið sú sama 1.795.478,- og spurning er hvort að afskrifa skuli þær birgðir með hefðbundnum hætti, t.d. 10% á ári.</p> <p>Endurskoðaðir og yfirfarnir reikningar félagsins lagðir fram til atkvæðagreiðslu.</p> <p>Spurningar úr sal Er þess gætt að eigið fé sé á reikningum með góðum vöxtum? Gjaldkeri svarar að þess sé gætt eftir því sem hægt er.</p> <p>Fundarmenn samþykkja framlagða ársreikninga.</p>	

<p>4.</p>	<p>Kosning stjórnarmanna og skoðunarmanna reikninga, Jóhann Þórsson</p> <p>6. grein stjórnar.</p> <p>Árið 2018 rennur út umboð Jóhanns Þórssonar félagsvarðar, Esterar Rutar gjaldkera, Árna Hjartarsonar formanns og Hafdísar Hönnu varaformanns..</p> <p>Formaður og varaformaður hafa beðist undan áframhaldandi setu í stjórn enda er kjörtímabil þeirra útrunnið.</p> <p>Hilmar Malmquist hefur jafnframt ákveðið segja sig úr stjórn vegna anna en hann á eftir ár í stjórnarsetu.</p> <p>Fundurinn samþykkir að brugðið sé út af lögum félagsins og að einn stjórnarmaður verði kjörinn í eitt ár í stað HM.</p> <p>Ester Rut Unnsteinsdóttir, hefur gefið kost á sér í stöðu formanns félagsins.</p> <p>Samþykkt einróma.</p> <p>Eftirfarandi gefa kost á sér til stjórnar:</p> <p>Hrefna Sigurjónsdóttir, til eins árs, í stað HM.</p> <p>Jóhann Þórsson, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir Steinþór Níelsson</p> <p>Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.</p> <p>Kosning á skoðunarmönnum reikninga.</p> <p>Ása Aradóttir og Þóroddur F. Þóroddsson gefa kost á sér að vera skoðunarmenn reikninga. Stungið upp á Freydísi Sigfúsdóttur sem varamanni. Hún er ekki á fundinum .</p> <p>Fundurinn samþykkir kjör skoðunarmenn reikninga.</p> <p>Athugasemdir úr sal:</p> <p>-Ekki er nægjanlega mikil breidd meðal stjórnarmanna HÍN, og hallar þar á jarðfræðinga. Félagsvörður telur að stjórnin sé meðvituð um það að félagið hafi ekki nægjanlega góða tengingu við jarðfræðigreinar en von er til þess að þau tengsl styrkist með nýskipuðum stjórnarmönnum, Sveinborgu Hlíf og Steinþóri Níelssyni.</p> <p>-Ekki er höfðað til almennings í störfum félagsins og því hallar á fulltrúa alþýðu í stjórn. Félagsvörður hvetur féлага til að aðstoða félagið við að finna féлага í stjórn.</p>	
<p>5.</p>	<p>Önnur mál</p> <p>A. Hilmar Malmquist þakkar Árna Hjartarsyni, fráfarandi formanni, vel unnin störf í þágu félagsins en Árni Hjartarson hefur sinnt starfinu í átta ár. Í tíð Árna hefur eitt af meginmarkmiðum félagsins þokast vel í rétta átt þ.e. , að tryggja sýningaraðstöðu og byggingu safnhúss fyrir NMSÍ.</p> <p>B. Nýr heiðursfélagi. Hafdís Hanna Ægisdóttir kynnir nýjan heiðursféлага HÍN, Þóru Ellen Þórhallsdóttur grasafraeðing og prófessor í grasafraeði frá 1995. Var henni fært skjal og blómvöndur því til staðfestingar.</p> <p>C. Árni Hjartarson tók til máls og þakkaði fyrir sig og óskaði Ester Rut Unnsteinsdóttur til hamingju með formannskosningu.</p>	

6.	Fundarlok. Ekki fleira fært til bókar. MH ritaði fundargerðina, fundi slitið kl. 19:25.	
----	-----------------------------------------------------------------------------------------	--

Ekki fleira fært til bókar. MH ritaði fundargerðina.